

1. febrúar 2016
1601112

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þskj. 565, 407. mál - frumvarp til laga um húsnæðisbætur

Með tölvupósti dagsettum 14. janúar 2016 óskaði velferðarnefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um húsnæðisbætur.

Markmið laganna er að lækka húsnæðiskostnað efnaminni leigjenda með greiðslu húsnæðisbóta vegna leigu íbúðarhúsnæðis. Ákvæði frumvarpsins snerta viðfangsefni Seðlabankans aðeins með óbeinum hætti. Frumvarpið felur í sér ríkisútgjöld vegna húsnæðisbóta. Greiðsla húsnæðisbóta bætist svo við útgjöld vegna húsnæðis.

Samkvæmt frumvarpinu mun ríkið taka þátt í húsnæðiskostnaði að uppfylltum hámarks tekju- og eignamörkum og með hliðsjón af fjölskyldugerð. Við það mun eftirspurn viðkomandi fjölskyldna eftir húsnæði aukast. Hve mikil áhrifin verða fer eftir framboðs- og eftirspurnarteygni á markaði fyrir þann hluta húsnæðis sem frumvarpið nær til. Til skamms tíma má búast við að áhrifin komi að mestu fram í hækkuðu verði húsnæðis (þ.e. hærri leigu) á þessum hluta markaðarins. Til lengri tíma þýðir það að framboð þess húsnæðis sem frumvarpið nær til mun aukast og að sama skapi draga úr framboði annars (dýrara) húsnæðis og verð þess (leiga) hækkar því með tímanum. Það felur í sér að þær fjölskyldur sem njóta kostnaðarþátttöku ríkisins samkvæmt frumvarpinu munu með tímanum þurfa að ráðstafa nokkru minni hluta tekna sinna en ella til húsnæðis og þar af leiðandi hafa meira til ráðstöfunar í aðrar neysluvörur og sparnað.

Samkvæmt mati fjármála- og efnahagsráðuneytis sem fylgir greinargerð með frumvarpinu mun það leiða til útgjaldaauka er nemur um það bil 2 ma.kr. Að því mati gefnu er ekki um slíkar fjárhæðir að ræða að þær, einar og sér, raski efnahagslegum stöðugleika. Rétt er þó að benda á að Seðlabankinn mun ávallt taka m.a. mið af innlendu eftirspurnarstigi við mat sit á þörf fyrir æskilegt aðhaldsstig peningastefnunnar.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Már Guðmundsson
seðlabankastjóri

Sigríður Benediktsdóttir
framkvæmdastjóri